



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: H. Agúst Jóhannesson
formaður Ritnefndar FLE
September 2003
26. árgangur 2. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Hvað finnst viðskiptavinunum	1
Af stjórnarborði	3
Fráteknar dagsetningar	3
Endurskoðun í Afganistan	7
Skipun prófnefndar til næstu fjögurra ára	10
Opnunartími skrifstofu FLE	10
Frá endurskoðunarnefnd	10
Frá menntunarnefnd	12
Til hamingju með afmælið	12
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands	13
Nýir félagar árið 2003	14
Félag um innri endurskoðun (FIE)	15
Námsstyrkjasjóður FLE	16
Til sölu á skrifstofu FLE	16
Auglýsing um námsstyrki	16
Golfannáll árið 2003	17
Próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa	19
Árshátið FLE	20

Hvað finnst viðskiptavinunum?

Félag löggiltra endurskoðenda fól Viðskiptaráðgjöf IBM að framkvæma viðhorfskönnun sl. vor. Markmið hennar var að kanna álit íslenskra stjórnenda á þeirri þjónustu sem íslenskir endurskoðendur veita fyrirtækjum. Úrtakið var stjórnendur 450 fyrirtækja sem valin voru úr fyrirtækjaskrá með slembiaðferð. Svarendur voru forstjórar, framkvæmda- eða fjármálastjórar. Svarhlutfall var 84% og liggja 376 svör að baki niðurstöðum könnunarinnar. Hún gefur því góða mynd af viðfangsefninu.

Fulltrúar Viðskiptaráðgjafar IBM þau Svali Björgvinsson og Heiður Agnes Björnsdóttir, kynntu helstu niðurstöður á hádegisverðarfundum félagsins þann 3. september sl.

Endurskoðendur njóta óskoraðs trausts

Mælt var traust til fjögurra stétta: Endurskoðenda, lögfræðinga, fasteignasala og fjármálaráðgjafa. Könnunin endurspeglar að endurskoðendur njóta afar mikils trausts; á skalanum 0–10 mælist traust til endurskoðenda 8,04 sem er marktækt meira en traust til stéttar lögfræðinga, sem næstir eru með einkunnina 6,77.

Fasteignasalar og fjármálaráðgjafar reka lestina með einkunnirnar 5,51 og 5,12 fyrir traust. Þess ber að geta að munur þar á milli er ekki marktækur.

Tryggir og ánægðir viðskiptavinir

Mikill meirihluti er ánægður með þjónustu eigin endurskoðanda. Þar af er tæpur helmingur (48%) mjög ánægður og röskur þriðjungur (37%) frekar ánægður. Samtals 7% eru óánægð með þjónustu endurskoðanda síns. Heildarein-



Heiður Agnes Björnsdóttir
Rannsóknarstjóri
IBM á Íslandi

kunn ánægju mælist 4,25 á skalanum 1–5 (veg-ið meðaltal), sem er hátt á íslenskan mælikvarða.


Könnunin leiddi ennfreður í ljós að meira en helmingur (54,7%) hafa skipt við endurskoðanda sinn lengur en 10 ár. Þeir sem höfðu skipt um endurskoðanda fyrir 5 árum eða skemmri tíma voru spurðir um ástæður skiptanna. Eigendaskipti voru algengasta ástæðan (27%) og ýmiskonar breytingar á aðstæðum fyrirtækisins voru einnig nefndar. Örfáir nefndu þætti sem þeir voru óánægðir með sem ástæður skiptanna.

Við val á endurskoðanda skipta gæðin mestu


Svarendur könnunarinnar voru látnir meta mikilvægi 5 þátta ef þeir stæðu í þeim sporum að velja sér endurskoðanda. Mikilvægið var metið á skalanum 0–10. **Gæði** voru talin langmikilvægasti þátturinn, einkunnin 9,02 endurspeglar þetta, en hún var marktækt hærri en næsti þáttur, **Persónuleg tengsl** (7,60). **Verð** þjónustunnar var í þriðja sæti (7,47). Munur milli persónulegra tengsla og verðs reyndist ekki




Hversu mikið traust berðu til eftirfarandi stétta á kvarðanum frá 0 til 10?



Hversu ánægður eða óánægður ertu með þá þjónustu sem þú færð hjá þínum endurskoðanda?



Hvað hefur fyrirtæki verið lengi í viðskiptum hjá núverandi endurskoðanda?



marktækur. **Stærð endurskoðunarfyrirtækis** skipti næstminnstu máli þeirra þátta sem mældir voru með einkunnina 5,48. **Alþjóðleg tengsl** hlutu einkunnina 4,91 og voru því metin minnst mikilvæg framangreindra fimm þátta. Það þýðir þó engan veginn að alþjóðleg tengsl skipti ekki máli, miklu fremur endurspeglar könnunin að hinir þættirnir þykja mikilvægari.

Í framhaldi var spurt hvort skipti meira máli við val á endurskoðanda: Gæði þjónustunnar eða verðið. Nær tveir þriðju (63%) sögðu gæðin skipta meira máli en rúmur þriðjungur taldi gæði og verð jafnmikilvæg. Aðeins tvö prósent töldu verðið mikilvægara en gæðin.

Ábyrgð endurskoðenda og stjórnenda fyrirtækja

Spurt var hvor bæri meiri ábyrgð, endurskoðandi fyrirtækis eða stjórn þess og framkvæmdastjóri. Flestir töldu stjórn og framkvæmdastjóra fyrirtækisins bera mesta ábyrgð (53%). Þriðjungur (33%) sagði að þessir aðilar bæru jafn mikla ábyrgð en 14% töldu endurskoðandann bera mesta ábyrgð. Athyglisvert er að marktækt hærra hlutfall viðmælenda hjá stórum fyrirtækjum (yfir 100 stm.) taldi stjórn og framkvæmdastjóra bera meiri ábyrgð en hjá litlum fyrirtækjum (undir 21 stm.).

„Hvað kemur þér fyrst í hug?“

Spurt var hvað viðmælendum kæmi fyrst í hug þegar þeir heyrðu orðið „endurskoðandi“. Margir nefndu endurskoðunarfyrirtækin: Deloitte&Touche (13,8%) KPMG (13,8%) og PwC (6,4%). „Endurskoðandinn minn“ sögðu 12,2% og 9,3% datt bókald í hug, 5,6% endurskoðun og 5,3% ársreikningar. Fáum dattu neikvæðir þættir í hug (alls 5,9%), þó nefndu 3,5% háa reikninga, einum viðmælenda datt „baunateljari“ í hug, öðrum „tóm leiðindi“ og þriðji sagði „nörd“. Einn sagði að endurskoðendur mættu ekki vera að því að klára neitt og annar nefndi Enron.

Hafa ber í huga að með þessari aðferð er ekki kafað djúpt í hug viðmælendanna, fremur fiskað eftir því sem þeim kemur strax í hug. Slík aðferðafræði er oft nýtt sem einn þáttur ímyndarrannsóknar.

Ljóst er að stétt endurskoðenda má vel við þessar niðurstöður una. Það hlýtur að verða

félagsmönnum áskorun að veita íslenskum fyrirtækjum að minnsta kosti jafn góða þjónustu í framtíðinni og þá þjónustu sem þessi könnun endurspeglar. En ekki má gleyma því að kröfur til þjónustu aukast sífellt og það sem þykir gott í dag kann að vera úrelt á morgun. Þetta þurfa íslenskir endurskoðendur stöðugt að hafa í huga.

Heiður Agnes Björnsdóttir
Rannsóknarstóri

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 1. október 2003 kl. 12
- Reikningsskiladagur FLE, Grand Hótel – Gullteigur, miðvikudagur 15. október 2003 kl. 13–16:30
- Haustráðstefna FLE, Hótel KEA Akureyri, 7. og 8. nóvember 2003
- Aðalfundur FLE, Hótel KEA Akureyri, laugardagur 8. nóvember 2003
- Árhólf FLE, Hótel KEA Akureyri, laugardagur 8. nóvember 2003
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. desember 2003 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. janúar 2004 kl. 12
- Skattadagur, Salurinn – Tónlistarhús Kópavogs föstudagur 16. janúar 2004

Af stjórnarborði

Traust – Gæði – Tryggð

Tilverugrundvöllur endurskoðendastéttarinnar byggir á því að hún njóti trausts. Slíkt er raunar forsenda þess að endurskoðendur geti rækt hið mikilvæga samfélagshlutverk sitt að skapa traust í viðskiptum. Með þetta í huga hljóta niðurstöður nýlegrar viðhorfskönnunar sem Vðskiptaráðgjöf IBM famkvæmdi fyrir stjórn FLE að vera félagsmönnum sérstakt ánægjuefni. Meginniðurstöður könnunarinnar eru þær að endurskoðendur hér á landi njóta mikils trausts viðskiptavina sinna, viðskiptavinir eru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá frá þeim og tryggð við endurskoðendur er mikil. Sú sterka staða endurskoðenda sem þessi könnun endurspeglar er þó ekki sjálfgefin til frambúðar. Það veltur fyrst og fremst á framgöngu hvers og eins okkar hvort tekst að viðhalda því trausti sem stéttin hefur áunnið sér.

Ársfundur Norræna endurskoðendasambandsins í Færeyjum

Ársfundur Norræna endurskoðendasambandsins (NRF) var að þessu sinni haldinn í Færeyjum dagana 21.–24. ágúst sl. NRF var stofnað á árinu 1931 og telst það vera elstu samtök endurskoðenda í heiminum. FLE varð aðili að sambandinu á árinu 1939. Meginhlutverk NRF er að vera sameiginlegur vettvangur aðildarfélaganna til að vinna að faglegri framþróun á sviði endurskoðunar og einnig að gera yfirvöldum og öðrum í löndunum grein fyrir samfélagslegu mikilvægi endurskoðendastarfsins. Til að styrkja stöðu norræna endurskoðenda þá hefur NRF leitast við að koma fram sem einn aðili fyrir hönd norrænu félaganna á alþjóðavettvangi svo sem hjá Evrópusambandi endurskoðenda (FEE) og Alþjóðasambandi endurskoðenda (IFAC).

Núverandi formaður NRF er Bent Hansen frá Danmörku en hann tók við formennsku af Árna Tómassyni um áramótin 2001/2002. Tveggja ára formannstið hans líkur um næstu áramót en þá tekur Finninn Mikael Paul við formennsku. Hann var formaður finnska félagsins CGR á



Guðmundur
Snorrason
formaður FLE

árunum 1992–1993. Uffe Conrad, framkvæmdastjóri danska félagsins (FSR) mun gegna framkvæmdastjórastöðu NRF til næstu áramóta.

Ein af föstum embættisskyldum formanns og varaformanns FLE er að sækja ársfundi NRF. Norrænu félögin skiptast á um að halda fundina. Í lok hvers ársfundar tilkynna verðandi gestgjafar fundarstað næsta fundar og ríkir jafnan nokkur eftirvænting meðal þátttakenda um niðurstöðu í því vali. Þótt samstarfið í NRF byggist fyrst og síðast á samvinnu þá verður ekki annað sagt en að örli á samkeppni þegar kemur að því að velja fundunum stað en það virðist vera gestgjöfum nokkurt keppikefli að halda fundina á áhugaverðum stöðum. Í fyrra sáu Norðmenn um fundinn sem þá var haldinn á Svalbarða. Sú ferð var einstök og verður vafalaust ógleymanleg öllum þeim sem þátt tóku. En nú var komið að Dönnum. Þeir ákváðu að halda ársfundinn 2003 í Færeyjum. Til Færeyja höfðu hvorki formaður né varaformaður FLE eða þeirra makar komið áður. Það var því með töluverðri eftirvæntingu sem við stigum upp í flugvél færøyska flugfélagsins Atlantic Airways á Reykjavíkurflugvelli rétt fyrir miðnætti miðvikudaginn 20. ágúst sl. Við lentum á flugvellinum í Vogum um kl. 2 að staðartíma. Þoka og rigning tók á móti okkur og vorum við komin upp á Hótel Færeyjar í Þórshöfn um kl. 3 um nóttina. Þennan miðvikudag hafði íslenska landsliðið í knattspyrnu borið sigurorð af því færøyska í landsleik sem fram fór í Þórshöfn. Að sögn móttökustjórans á hótelinu var fagnaðarlátum íslenskra gesta þar nýlokið þegar okkur



Sælir formenn að loknum góðum fundi.



Í ólgusjó við Vestmannabjörg.

bar að. Það var því ekki um annað að ræða fyrir okkur en að ganga til náða.

Daginn eftir notuðum við m.a. til að skoða okkur um í miðbæ Þórshafnar. Síðdegis hittum vini okkar frá hinum Norðurlöndunum. Um kvöldið var sameiginlegur kvöldverður á Hótel Færeyjum.

Á föstudeginum var haldið í skoðunarferð. Farið var með okkur á báti út að Vestmannabjörgum en þau eru hæst um 600 metrar yfir sjávarmáli og þekkt fyrir hella og fjölskrúðugt fuglalíf. Rétt utan við björgin rísa úr sjó tilkomumiklir klettadrangar. Að mati óreyndari sæfara í ferðahópnum var ekki sérlega gott í sjóinn þennan dag. Það fór því óneitanlega hrollur um ýmsa meðal okkar þegar siglt var fast upp að björgunum og báturinn látinn dansa í öldurótinu í kringum þessa hrikalegu dranga. Öll komum við þó heilu og höldnu í land. Þá var haldið aftur til Þórshafnar þar sem við skoðuðum gamla bæinn og heimsóttum Norræna húsið. Edmund Joensen forseti Lögþingsins tók á móti okkur í þinghúsinu og fræddi okkur um sögu hússins og störf þingsins. Einnig hittum við Bjarna Djurholm, viðskipta og atvinnu- málaráðherra, og gerði hann okkur grein fyrir stöðu færeyska þjóðarbúsins. Um kvöldið var haldið að Kirkjubæ þar sem snæddur var kvöldverður. Á miðöldum var þar biskupssetur og eitt helsta menningarsetur Færeyja. Ábúendur á þessum sögufræga stað hafa búið þar mann fram af manni langt aftur í aldir og er núverandi bóndi þar af sautjándu kynslóð ábúenda. Nokkrir færeyskir endurskoðendur tóku þátt í kvöldverðinum með okkur.

Laugardagurinn 23. ágúst var hinn eiginlegi fundardagur en meðan á honum stóð var farið

með maka í skoðunar- og verslunarferð. Um kvöldið var síðan hátíðarkvöldverður á Hótel Færeyjum. Þar voru Birni Markland, framkvæmdastjóra sænska félagsins (FAR) þökkun farsæl störf í þágu NRF síðastliðin 23 ár en hann hættir sem framkvæmdastjóri FAR um n.k. áramót. Sem lítinn þakklætisvott fyrir framlag hans var honum færð sameiginleg gjöf frá aðildarfélögum NRF. Að morgni sunnudags flugu norrænir vinir okkar til síns heima en við íslensku fulltrúarnir lentum á Reykjavíkurlugvelli um miðan dag. Eftirminnileg ferð var að baki.

Fundað um málefnið

Sérstakir gestir þessa NRF fundar voru Norðmaðurinn Tom Myhre, en hann er fyrrverandi formaður norska félagsins og hefur átt sæti í stjórn IFAC og Sviðinn Göran Tidström, fyrrverandi forseti FEE. Á fundinum gerði Tom grein fyrir helstu viðfangsefnum FEE og Göran fór m.a. yfir skipulag og uppbyggingu IFAC.

Þau hneykslismál sem upp hafa komið í Bandaríkjunum og víðar hafa rýrt tiltrú almennings á reikningskilum fyrirtækja og stjórnendum þeirra. Til að bregðast við þessum atburðum og svara kröfum samtímans leggur FEE nú höfuðáherslu á að vinna að því að styrkja enn frekar þann grundvöll sem starf endurskoðenda hvílir á. Á fundinum gerði Tom grein fyrir þeim atriðum sem einkum er horft til í þessu sambandi og reyndi jafnframt að draga fram mismunandi viðhorf FEE og Evrópusambandsins til þess hvernig best megi ná fram endurbótum á einstökum sviðum. Meðal þeirra atriða sem til skoðunar eru má nefna:

- Uptaka alþjóðlegra endurskoðunarstaðla (ISA) frá árinu 2005
- Eftirlit með starfsemi endurskoðenda
- Stjórnarhættir fyrirtækja og hvernig þeir snerta störf endurskoðenda – Endurskoðunarnefndir og innra eftirlit
- Siðareglur
- Óhæði endurskoðenda
- Gæðaeftirlit
- Menntun og starfsþjálfun
- Hvaða kerfi skal nota til að bregðast við agabrotum
- Hvernig tryggja má gagnsæi í starfsemi endurskoðunarfyrirtækja
- Ábyrgð endurskoðenda
- Áhrif Sarbanes-Oxley laganna á endurskoðendur í Evrópu

Tom ræddi einnig innra starf FEE. Fram kom að verkefni samtakanna reynast æ umfangsmeiri og erfitt hefur reynst að sinna þeim sem skyldi með þeim takmarkaða fjölda starfsmanna sem hjá samtökunum starfa. Í júní sl. skipaði stjórn FEE sérstakan starfshóp sem ætlað er að skila tilögum um endurbætur fyrir árslok 2003.

Venju samkvæmt gerðu fulltrúar aðildarfélaganna grein fyrir starfinu á liðnu starfsári, hvað væri framundan, breytingum á lagaumhverfi sem varða endurskoðendur o.s.frv. Hér verður einungis tæpt á örfáum athyglisverðum atriðum sem fram komu á fundinum.

Í Danmörku hafa verið sett ný lög um endurskoðendur sem tóku gildi 1. september 2003. Lögunum er ætlað að styrkja óhæði endurskoðenda og samkeppnishæfni þeirra. Nýju lögin ná bæði til löggiltra endurskoðenda og skráðra endurskoðenda. Lögin taka eingöngu til þeirra starfa



Prúðbúnir fulltrúar frá Íslandi.



Skeggrætt á sænsku.

endurskoðenda sem snúa að endurskoðun reikningsskila og annarra sviða þar sem kveðið er á um í lögum að endurskoðandi skuli gefa yfirlýsingar eða álit, þ.e. þar sem krafan um óhæði er til staðar og þar sem endurskoðandi kemur fram sem opinber sýslunarmaður. Lögin kveða ekki á um önnur svið sem endurskoðendur kunna að starfa á svo sem við ráðgjöf. Þar geta endurskoðendur beitt sömu samkeppnistækjum og almennt gilda í atvinnulífinu. Meðal markverðra ákvæða þessara nýju laga má nefna:

- **Skylda til að skipta endurskoðanda út á sjö ára fresti.** Skylt verður að skipta út endurskoðanda að lágmarki á sjö ára fresti hjá tilteknum fyrirtækjum. Viðtakandi endurskoðandi má starfa innan sama endurskoðunarfyrirtækis og sá sem skipt var út. Skyldan tekur til allra félaga sem skráð eru í kauphöll, hlutafélaga í eigu hins opinbera, félaga og stofnana sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og fyrirtækja sem fara yfir tvö tiltekin stærðarmörk (2.500 starfsmenn, 60 milljarða heildareignir eða 60 milljarða í ársveltu).
- **Skylda til að upplýsa um efnahagsbrot stjórnenda.** Endurskoðandi skal upplýsa stjórnarmenn félags ef hann fær rökstuddan grun um að einhverjir stjórnendur þess hafi staðið að peningþvætti eða öðrum grófum efnahagsbrotum. Hafi stjórnin ekki gripið til viðeigandi ráðstafna innan tveggja vikna frá því að henni var kunnugt um atferlið skal endurskoðandi upplýsa efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra um hin meintu brot.
- **Skylda til að setja reglur um óhæði.** Til að tryggja sem best óhæði endurskoðenda skulu

endurskoðunarfyrirtæki setja sér reglur um mat á því hvort óhæði sé fyrir hendi áður en verkefni er samþykkt. Reglurnar skulu tryggja að þetta mat fari fram og kveða á um hvernig það skuli fara fram. Utanaðkomandi gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda skal m.a. fela í sér könnun á tilvist og framkvæmd slíkra reglna.

- **Krafa um meirihlutaeign.** Eignarhald í endurskoðunarfyrirtækjum skal að meirihluta vera í höndum endurskoðenda. Hámarks hlutur hvers eigenda sem ekki er starfandi í endurskoðunarfyrirtæki er 5%.
- **Takmörkun á tekjum frá sama viðskiptavini.** Tekjur endurskoðunarfyrirtækis af einstökum viðskiptavini mega ekki fara yfir 20% af heildartekjum þess.
- **Endurskoðendaeftirlit (Revisortilsyn).** Stofna skal sjálfstætt endurskoðendaeftirlit sem hafi það hlutverk að sinna gæðaeftirliti meðal allra endurskoðenda. Endurskoðendaeftirlitið skal að meirihluta skipað öðrum en endurskoðendum. Endurskoðendaeftirlitið ákveður hvaða endurskoðendur koma til skóunar hverju sinni, hverjir veljast til að framkvæma gæðaeftirlitið, hverjar menntunarkröfur skuli gera til gæðaeftirlitsmanna og hvernig skuli birta niðurstöður af einstökum skoðunum.

Ljóst er að hin nýju lög um endurskoðendur kalla á breytingar á samþykktum danska félagsins (FSR).

FSR vinnur nú að siðareglum á grundvelli IFAC reglnanna. Gert er ráð fyrir að drög að siðareglunum muni liggja fyrir innan fárra mánaða. Norska félagið (DnR) innleiddi 8. kafla IFAC reglnanna í

ársbyrjun 2003 en sá kafla fjallar um óhæði. Félagið stefnir að því að taka reglurnar upp í heild sinni.

Fram kom á fundinum að norska félagið (DnR) hefur tekið upp samstarf við Fjármálaeftirlitið um gæðaeftirlit meðal endurskoðenda sem uppfyllir lágmarkskröfur ESB. Framkvæmd gæðaeftirlits verður áfram í höndum DnR en undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið nær til samtals um 1.400 endurskoðenda sem skulu sæta skoðun að lágmarki einu sinni á hverju fimm ára tímabili.

Af því sem fram kom á fundinum er ljóst að fagleg viðfangsefni hjá FLE eru af svipuðum toga og hinna norrænu félaganna. Í mínum huga eru fundir sem þessir afar mikilvægir fyrir okkur og til þess fallnir að flýta fyrir nauðsynlegri þróun hér á landi til samræmis við það sem er að gerast í kringum okkur.

Næsti fundur NRF verður í Svíþjóð og verður hann haldinn á Gotlandi dagana 20.–22. ágúst 2004.

Nýtt félagatal FLE

Nýtt félagatal FLE hefur verið sent félagsmönnum. Í upphafi þessa starfsárs ákvað stjórn félagsins að láta útbúa nýtt félagatal en slík félagaskrá var síðast gefin út í mars 1996. Síðan þá hefur félagsmönnum fjölgað um 33% eða úr 211 í 280. Jafnframt vinnu við þessa útgáfu hafa upplýsingar um félaga á heimsíðu FLE verið uppfærðar til samræmis. Það er von stjórnar að þetta nýja félagatal komi að góðum notum.

Guðmundur Snorrason, formaður FLE

Eru *Skattar á fyrirtæki* þitt mál?



Út er komin bókin *Skattur á fyrirtæki* eftir Ásmund G. Vilhjálmsson, hdl.

Bókin er ítarleg greinargerð um atvinnurekstur, tekjur, rekstarkostnað, fyrningu og niðurfærslu eigna. Hún er ómissandi endurskoðendum, lögmönnum, stjórnendum fyrirtækja og öllum þeim er hafa með skattamál fyrirtækja að gera.

Einnig á bókin tvímælalaust erindi til þeirra sem stunda nám í viðskiptagreinum.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Grant Thornton. Þar er einnig hægt að panta bókin eða í síma 520 7000.



Ásmundur G. Vilhjálmsson höfundur bókarinnar er afkastamikill fræðimaður og starfar sem héraðsdómslögmaður í Reykjavík með fyrirtækja- og skattarétt sem sérsvið.

Ásmundur veitir forstöðu skattasviði Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Endurskoðun í Afghanistan

Inngangur

Ég hef unnið í innri endurskoðunardeild Sameinuðu þjóðanna síðan í nóvember 1979. Eftir löggildinguna langaði mig að breyta til, fór í atvinnuviðtal til Vopnafjarðar og leist ágætlega á mig þar, fyrsta daginn, en varð veðurteptur næstu daga og fór þá yfir stöðuna – ákvæð að sleppa Vopnafirði í bili. Sótti seinna um starf hjá SP og fluttist til New York innan nokkurra mánaða. Ég gerði ráð fyrir að verða eitt til tvö ár í New York, skoða mig um og kynnst stórborgarlífi, og flytja svo aftur heim. Við fjölskyldan máttum taka með okkur um 6 tonn af búslóð, en við tókum bara það helsta og pökkuðum restinni í geymsluna, það kæmi sér vel væntanlega innan tíðar. Eftir tvö góð ár í New York, bauðst mér að flytjast til Nairobi í Kenya, þar sem endurskoðunarskrifstofan var að opna útibú – enginn af vinnufélögnum var spenntur fyrir Nairobi. Ég fluttist þangað í janúar 1982 og var þar til júlí 1985, að mér bauðst að koma aftur til New York eða að fara til Genfar í Sviss. Sviss leit út fyrir að vera spennandi staður að skoða, á leiðinni heim, og því ekki að stoppa þar í tvö ár, eða svo. Nú eru liðin 18 ár síðan það var og ég er enn í Genf.

Þegar friður braust loks út í Afghanistan (eða þannig), fyrir júlí 2001, var flóttamannastofnunin komin á fullt skrið með aukna aðstoð við afghansk flóttafólk í Pakistan og Íran til að byrja með. Frá byrjun 2002 voru skrifstofur settar upp í Afghanistan og verkefnið byrjaði við að undirbúa heimkomu flóttamannanna. Áætlanir voru miðaðar við um 4 milljónir manna, sumir höfðu verið í flóttamannabúðum í nærri 20 ár, börn og margt yngra fólk fætt þar. Á sama tíma ákvæð endurskoðunardeildin að senda staðarendurskoðendur, eins og gert var í Kosovo og Austur-Tímor. Það varð úr að ég yrði fyrstur á vettvang og ég byrjaði mína 6 mánaða törn í byrjun apríl 2002. Ég var einn í 3 mánuði við undirbúning, setja upp skrifstofu, koma á samböndum og gera fyrstu kannarnir um áhættuþætti og fyrstu verkefnaskipan. Svo komu aðrir vinnufélagar sem voru í 6 mánuði hver, oftast tveir saman í einu.

Ég kannaðist svo sem við mig á svæðinu, hafði komið tvisvar áður til Afghanistan, og verið þrisvar í Pakistan, á tímabilinu 1995 til 2001. Í fyrstu Afghanistan ferðinni, 1995 höfðu talabandar (fermingardrengirnir) nýlega tekið völdin, fyrst í Kandahar, í suð-austurluta Afghanistan, svo í Herat í vestri við landamæri Íran. Og síðan hægt og bitandi á næstu árum náðu þeir yfirráðum víðar í landinu, þó aldrei í því öllu.

Svo er okkur í fersku minni þegar ríki þeirra hrundi nánast á einni nóttu. Ekki nema rúmri viku eftir fall tvíburaturnanna, voru starfsmenn flóttamannahjálparinnar og annarra stofnana SP byrjaðir að skipuleggja hjálparstarf og aðstoð sem átti að koma strax í kjölfar þeirra hernaðaraðgerða í Afghanistan sem virtust óumflýjanlegar.

Vinnan

Mín endurskoðunarvinna hefur síðustu 12 ár verið eingöngu á skrifstofum og verkefnum flóttamannahjálparinnar (UNHCR), sem skipuleggur, stjórnar, leiðir og fjármagnar að mestu nánast öll verkefni í heiminum fyrir flóttamenn. Reikningsár HCR er almanaksárið en SP hafa 2 almanaksár í senn. Flóttamannahjálpin fjármagnar sín verkefni með frjálsum framlögum, að langmestu leyti frá vestrænum ríkjum, en SP, til að halda



Theodór
Lúðvíksson
endurskoðandi

úti reglulegri starfsemi, skattleggja sín aðildarríki eftir flóknum reglum. Tilhögun beinnar vinnu við flóttamannaverkefni er venjulega sú að undirhjálpastofnanir og samvinnuaðilar (rauði krossinn og jafnvel stjórnarskrifstofur í viðkomandi löndum) sjá um að vinna verkin. Þegar flóttamannahjálpin veitir fjármagnnið er skrifað undir samning (sub-project) þar sem verkefninu er lýst í öllum atriðum, hvernig nota eigi peningana og hvernig undirstofunin þarf að skila skýrslum (uppgjörum) um notkun peninganna. Þetta eru ekki bara reikningshaldsskýrslur heldur líka upplýsingar um hvað var gert, hvernig verkið gekk og lýsing á frávikum frá upprunalegu áætluninni. Oftast ganga verkefnið vel fyrir sig, og hægt er að gera skil á öllu. Þó ekki alveg alltaf, og það geta verið alls konar ástæður



Frá Kabul apríl 2002. Afghanskir flóttamenn koma heim og eru skrásettir.



Frá Kabul, apríl 2002. Götumynd áður en uppbygging byrjaði.



Frá Kabul, september 2002. Með kollegum á vettvángsathugun.

fyrir því.

Fyrstu heildaráætlanir um kostnað fyrir aðstoð til allra Afghana, bæði heima og í nágrannalöndum á árinu 2002, voru vel yfir 230 milljónir dollara, bara hjá flóttamannahjálpinni. Aðrar hjálparstofnanir komu líka við sögu, matvælastofnunin sá að mestu um matargjafir og svo framvegis. Þetta spannaði lífsviðurværi fólks í flóttamannabúðum, svo sem að sjá fyrir vatni, sjúkraþjónustu og einhverri skólustarfsemi. Það var líka hugsað fyrir aðstoð til að flytja fólkið heim og svo aðstoð innanlands til að hjálpa fólki að koma sér fyrir, svo sem sjúkraþjónustu, húsaviðgerðum og einhverri aðstoð til bæjar og sveitafélaga til að koma brýnustu nauðsynjum í gang, eftir áratugalangan ófrið með tilheyrandi eyðileggingu og varla nokkru

viðhaldi. Oft sýndist manni að viðhald, svo sem á gömlum bílum og tækjum, var að mestu framkvæmt með hamri. Hinsvegar var tölvustýrðum tækjum nútímans, eins og við þekkjum þau, oftast fleygt ef þau biluðu.

Mín reynsla frá Íslandi í "gamla daga" að fást við handfært bókhald og ófullkomin reikningskil, hefur oft komið sér vel þegar ég heimsæki undirstofnanir og skoða bókhald þeirra og meðferð fjármuna flóttamannahjálparinnar. Oftast eru menn samvinnuþýðir þegar eitthvað þarf að útskýra eða lagfæra, og þá er jafnan borið við mistökum eða einhverju sem skeði alveg óvart. Stundum koma í ljós slæm vinnubrögð bókara, sem alveg óvænt hætti rétt áður en endursköðandinn kom, og hafði ekki sést síðan.

Aðstæður og daglegt líf

Í þessa 6 mánuði hafði ég aðsetur í Islamabad í Pakistan, en ferðaðist víða. Komst meira að segja til Uzbekistan, þar sem margir virðast enn sakna gamla tímans. Það blöstu við miklar andstæður á landamærum þeirra við Afghanistan. Örfoka land og eyðilegging Afghanistan megin, en handan árinna sem skilur ríkin að, var allt í blóma og nánast allar ávaxta- og grænmetistegundir ræktaðar þar. Afghanistan megin voru hjólaskóflur og jafnvel handafl notað til að moka eyðimerkursandi af vegum, svipað og í slæmum skafrenningi á Íslandi.

Í maí 2002 kom ég til Jalalabad, sem er í austur Afghanistan, rétt við "Khyberpass" sem er ævagömul úlfalda/kaupmannaleið um fjalla-



Frá Kabul, apríl 2002. Gamla konungshöllin.



Frá Quetta í Pakistan, júlí 2002. Með finnskum kollega og pakistönskum ráðuneytisstarfsmönnum.



Frá Pul I Sharki, norður Afghanistan ágúst 2002. Með kollegum og afghönskum flóttamönnum nýkomnum heim.



Frá Kabul apríl 2002. Flóttamönnum sem snúa aftur, eða ungt fólk sem kemur í fyrsta sinn til heimalandsins eru sýndar jarðsprengjur og önnur drápstól, til að þekkja hættuna

skarð, sem tengdi suðurhluta Asíu og Arabíu (líka Evrópu). Það var vel heitt þar og frekar þurr, en þeir eru heppnir að hafa vatnsmikla á, sem rennur um svæðið og er notuð til vatnsveitu á akrana, svo þar er nógur matur. Strax eftir komuna á þessa skrifstofu sendi ég tölvupóst á Genfarskrifstofuna sem hljóðaði nokkurnvegin svona:

Kom hér um hádegi. Hér er heitt og rykugt og rafmagnið dettur oft út. Aðstaðan á skrifstofunni er þröng, ég deili litlu kaffiborði með öðrum. Ferðataskan mín varð eftir í bílnum sem sótti mig á flugvöllinn, þegar ég hljóp inn á skrifstofuna í sandfoki. Svo var billinn sendur til Pakistan en þeir halda því staðfast fram að hann verði kominn aftur í kvöld (það stóðst reyndar). Það er þröngt í gistihúsinu hér, svo ég verð að deila herbergi (ekki rúmi) með öðrum. Vonandi er þetta vænn maður, sem hrytur minna en ég.

Bestu kveðjur.

Ég læt svo fljóta hér með bréf sem ég sendi konunni minni á 30 ára brúðkaupsafmælisdaginn okkar. Þá var ég í stífri vinnu í Peshawar í Pakistan, handan fjallanna við Jalalabad, og ekki mikill tími aflögu til að sinna fjölskyldumálum.

Það hljóðar nokkurnvegin þannig:

Elsku Beta, í dag erum við búin að vera gift í 30 ár. Þegar við lítum til baka höfum við eignast, átt, gert eftirfarandi;

4 stelpur og 1 barnabarn; 4 fasteignir og 8 heimilislöng í 5 löndum; 18 bíla og nokkur hjól; 4 sófasett; 2 hjónarúm; 2 píanó; 6 sjónvörp; 5 hljómfletningstæki; 5 video tæki; 4 þvottavélar; 4 ryksugur; 2 uppþvottavélar; 5 ísskápa, 8 hunda, 2 ketti og marga fiska.

Á þessum 30 árum höfum við búið 15 ár í Frakklandi (helminginn), 7 ár á Íslandi og restina í New York, Nairobi og Sviss.

Þessi 30 ár spanna 30 jól og páska, 360 mánuði, 1560 helgar/vikur, 10,954 daga og 262,896 klukkustundir (sem við höfum líklega eitt einum þriðja, eða 87,632 klst. í svefni og þá 175,264 vakandi).

Líklega eru það bara endurskoðendur sem semja svona lista (ástarbréf?). En það var gaman að rifja þetta upp og hugsa til baka. Fyrir mig hafa þetta verið góð ár og allt hefur gengið vel.

Ég sakna þess að við getum ekki eitt saman þessum degi, en við bætum það

upp eftir tvær vikur. Svo legg ég til að við stefnum alvarlega á að ná gullinu. 30 ár eru liðin og bara 20 ár eftir í gullið.

Sent frá Peshawar, þinn Teddi.

Allt gekk vel að lokum, og ég á góðar minningar frá þessum tíma. Endurskoðunarvinna hefur skilað góðum árangri. Á mínum 6 mánuðum (nú vinnumánuðum með starfsfélaga) gáfum við út yfir 20 skýrslur (Audit Observations) með um 220 tillögum til breytinga og úrbóta (recommendations). Okkar tillögum var yfirleitt vel tekið, með fáum undantekningum, og stór hluti þeirra hefur skilað árangri, annað hvort í bættu innra eftirliti eða sparnaði og bættum vinnubrögðum. Ég kynntist og vann með góðu fólki, sem lagði mikið á sig, oft við mjög erfiðar aðstæður. Svo vonar maður að friðurinn haldist og Afghanir nái að byggja upp og bæta sitt land og þjóðfélag.

Skrifað í Genf, september 2003.

Theodór Lúðvíksson, endurskoðandi

(Grein þessi er að öllu leyti á ábyrgð höfundar og lýsir hans skoðunum, og hefur ekkert að gera með skoðanir eða stefnum Sameinuðu þjóðanna.)



Skipun prófnefndar til næstu fjögurra ára

Á grundvelli 3. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, skal fjármálaráðherra skipa þriggja manna prófnefnd til að annast próf fyrir þá sem vilja öðlast löggildingu til endurskoðunar. Einn þeirra skal skipaður eftir tilnefningu viðskipta-deildar Háskóla Íslands, annar eftir tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður prófnefndarinnar. Skipunartími fráfaramandi prófnefndar rann út hinn 31. júlí sl. Ný prófnefnd til næstu fjögurra ára hefur verið skipuð sem hér segir:

Aðalmenn:

Árni Tómasson formaður,
skipaður af Fjármálaráðherra
Sæmundur Valdimarsson,
tilnefndur af Háskóla Íslands
Lárus Finnbogason,
tilnefndur af Félagi Löggiltra Endurskoðenda

Varamenn:

Vignir Rafn Gíslason,
skipaður af Fjármálaráðherra
Gunnar Þór Ásgeirsson,
tilnefndur af Háskóla Íslands
Margrét Flóvenz,
tilnefnd af Félagi Löggiltra Endurskoðenda

Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til
fimmtudaga frá kl. 9–12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@fle.is
Heimasíða: www.fle.is

Frá endurskoðunarnefnd

Fundur endurskoðunarnefnda norraenu félaganna á Íslandi

Árlegur fundur endurskoðunarnefnda norraenu félaganna (NRK) var haldinn 21.–22. ágúst síðastliðinn. Endurskoðunarnefndirnar skiptast á að boða til fundarins og var hann að þessu sinni haldinn á Íslandi og hófst undirbúningur fyrir fundinn snemma á þessu ári. FLE hefur vanalega sent tvo nefndarmenn á þessa fundi en þar sem fundurinn var núna hér á landi þá tóku öll íslenska endurskoðunarnefndin þátt í fundinum. Góð þátttaka var frá öðrum Norðurlöndunum enda er þetta kjörið tækifæri til að kynnst starfsfélögum og starfsemi annarra nefnda auk þess að kynnst viðkomandi landi. Fundurinn hófst með hefðbundnum hætti á óformlegum kvöldverði á fimmtudagskvöldinu þar sem nefndarmenn og makar hittust en síðan var formleg dagskrá á föstudeginum. Á þessum fundum hefur verið skipst á skoðunum um þau mál efni sem heyra undir nefndirnar, auk þess sem gerð er grein fyrir því sem unnið er að í hverju landi. Danir hafa haft formennsku í norraenu endurskoðunarnefndinni síðastliðin tvö ár en kjörtímabili þeirra var nú lokið þannig að fundurinn á föstudag hófst með því að Knut Aker frá Noregi var kjörinn formaður nefndarinnar næstu tvö árin.

Dagskrá fundarins:

Á dagskrá fundarins voru sextán atriði, sem tók mislangan tíma að afgreiða. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um helstu mál.

Fulltrúi frá Danmörku kynnti ítarlega ný lög sem gilda um danska endurskoðendur frá og með 1. september 2003.

Hver nefnd fyrir sig kynnti helstu breytingar sem orðið hafa á lögum og reglugerðum sem gilda um endurskoðendur í viðkomandi landi og var það mjög áhugavert.

Fulltrúi norsku nefndarinnar kynnti niðurstöður eftirlits opinberra aðila í Noregi þar sem kemur fram ágreiningur á milli eftirlitsaðila og endurskoðenda varðandi óhæði síðarnefndu aðilanna þegar veitt er þjónusta á öðru sviði en endur-

skoðun. Skýrslan hefur ekki enn verið birt opinberlega en samkvæmt norsku nefndinni þá er þetta mál þegar orðið pólitískt. Gert er ráð fyrir að endurskoðunarfyrtækin muni mótmæla niðurstöðum skýrslunnar þar sem þau telja sig hafa sett upp „kín múra“ á milli ráðgjafar og endurskoðunar. Jafnframt benti hann á að norskar reglur um óhæði væru strangari en reglur Evrópusambandsins um sama efni. Nokkur umræða varð um þessar niðurstöður og taldi fulltrúi norsku nefndarinnar að hugsanlega væri lagumhverfi í Noregi að færa stítt til Bandaríkja-anna frekar en Evrópu þar sem lagasetning og reglugerðir í Noregi eru mjög ítarlegar en ekki almennt orðaðar. Norski fulltrúinn taldi jafnframt að þar í landi væri vilji, bæði pólitískur og í viðskiptalífni, til að setja opinbert gæðaeftirlit á endurskoðendur.

Formaður dönsku endurskoðunarnefndarinnar kynnti helstu mál sem Committee on Auditing (COA) hefur fjallað um á síðasta ári. Þessi nefnd er hluti af nefndum Evrópusambandsins og hefur það hlutverk að fjalla um mál sem tengjast endurskoðun og endurskoðendum. Helstu mál sem eru nú á borði nefndarinnar eru:

- Tilmæli Evrópusambandsins varðandi óhæði endurskoðenda, síðareglur og gæðaeftirlit og gerir nefndin ráð fyrir því að tilmælin munu fá aukið vægi þar sem þau verði samþykkt sem reglur (directive) og verða þar sem hluti af lögum.
- Kröfur um menntun og þjálfun endurskoðenda og er gert ráð fyrir að krafa um endurmenntun endurskoðenda fái aukið vægi á næstu árum.
- Innleiðing alþjóðlegra endurskoðunarstaðla 1. janúar 2005 og þýðingu þeirra. Á fundinum kom fram að Evrópusambandið hefur boðist til að aðstoða einstök lönd við þýðingar staðlanna en það eitt og sér er ekki nægjanlegt þar sem þær þýðingar þarf alltaf að lesa vandlega yfir og jafnvel endurskrifa.

Fulltrúi Norðurlandanna í Alþjóðlegu endurskøð-

unarnefndinni (IAASB) fór yfir nokkur atriði varðandi starfsemi nefndarinnar, fjallaði stuttlega um nýja og væntanlega staðla og hvað hann teldi mikilvægustu verkefni á næstunni. Nefndin er nú að vinna að nýju skipulagi staðla en það sem mun skipta mestu máli fyrir starf endurskoðenda í framtíðinni verður IFAC Code of Ethics, endurskoðunarstaðlar verða byggðir á þeim grunni sem þar er settur, þar á eftir koma staðlar um gæðaeftirlit með endurskoðunarvirkum og staðall „Grunnur að endurskoðun“ sem verður byggður á fyrstu málsgreinum í ISA 100. Mjög áhugavert er að fá tækifæri á þessum fundum til að fylgjast með þeim málum sem eru helst á baugi hjá alþjóðlegu nefndinni.

Fjallað var um stöðu á innleiðingu alþjóðlegra endurskoðunarstaðla hjá hverju landi fyrir sig og eru löndin nokkuð misjafnlega stödd í þeim efnum, þó eru engin stödd jafn aftarlega á þessu sviði og Ísland og er því nauðsynlegt fyrir okkur að láta hendur standa fram úr ermum á þessu sviði.

Formaður dönsku endurskoðunarnefndarinnar kynnti fyrir fundarmönnum þær ábendingar sem danska nefndin sendi til IAASB vegna staðals um „Audit risk“, þetta er nýr staðall sem hefur enn ekki verið samþykktur. Gert er ráð fyrir að þessi staðall muni leysa af hólmi þrjá aðra staðla (ISA 310, 400 og 410) og í framhaldinu komi tveir nýir staðlar sem koma munu í stað ISA 500. Mjög fróðlegt var að lesa yfir ábendingar dönsku nefndarinnar og greinilegt að þau hafa farið vandlega yfir þennan staðal.

Í framhaldi af þessari kynningu varð nokkur umræða um samstarf norrænu nefndanna þar sem rætt var hvort þær geti hugsanlega sent sameiginlegar ábendingar þegar fjallað er um nýja endurskoðunarstaðla eða leiðbeinandi reglur. Niðurstaða fundarins var sú að nefndirnar ættu að hittast og fara sameiginlega yfir þá staðla sem alþjóðlegu samtökin eru með til umfjöllunar en sendi síðan hver fyrir sig ábendingar til viðeigandi aðila.

Mörg önnur efni voru rædd á fundinum sem ekki er fjallað um í þessum pistli en niðurstaða allra fundarmanna var sú að sameiginlegir fundir norrænu endurskoðunarnefndanna eru nauðsynlegir, meðal annars til að heyra sjónarmið annarra endurskoðenda og kynnast störfum



nefndanna. Fulltrúar norsku, dönsku, sænsku og stundum finnsku endurskoðunarnefndanna hittast oft en á þessum vettvangi. Þeir hafa í nokkrum tilvikum átt sameiginlegan fund fyrir fund Alþjóðlegu endurskoðunarnefndarinnar (IAASB) þar sem þeir fara yfir ábendingar sinna nefnda varðandi nýjustu endurskoðunarstaðla sem til umfjöllunar eru hjá nefndinni. Á þessum fundi kom fram ósk um að Ísland tæki virkari þátt í þeim samkundum og kæmi ávallt fram með sín sjónarmið en á því hefur verið nokkur misbrestur hjá okkur mörlandanum. Í lok fund-

arins var síðan tilkynnt að næsti fundur NRK yrði haldinn í Stokkhólmi að ári liðnu.

Önnur mál, með léttara yfirbragði

Á meðan fundur endurskoðenda stóð yfir á föstudeginum sá Arnbjörg, framkvæmdastjóri félagsins, um dagskrá fyrir maka fundargesta. Keyrt var um Reykjanesið þar sem þemað var „Einar Benediktsson“ líf og starf. Erlendu gestirnir fengu eitt besta veður sumarsins og voru þeir mjög ánægðir með daginn. Arnbjörg á skilið mikl-



ar þakkir fyrir akstur með gestina og skemmtilega leiðsögn sem gerði þennan dag ógleymanlegan. Einnig vill endurskoðunarnefndin þakka Arnbjörgu fyrir alla þá aðstoð sem hún veitti nefndinni við undirbúning fundarins.

Fundir sem þessir eru ekki eingöngu erfið fundarseta þar sem farið er yfir þurra endurskoðunarstaðla. Á laugardegnum var íslenska nefndin búin að skipuleggja skoðunarferð fyrir fundargesti þar sem farið var í hefðbundinn túr á Þingvelli, Gullfoss og Geysi en auk þess var farið á Langjökul þar sem ferðalangarnir, allir sem einn, voru látnir aka snjósleða. Veðrið lék við okkur í ferðinni og var það samdóma álit fundarmanna að skoðunarferðin hefði verið hápunktur dagskrárinnar. Þessi dagur með erlendu gestunum styrkti enn frekar tengsl okkar Íslendinganna við gestina og væntum við þess að þetta muni hjálpa okkur þegar kemur að því að fá gögn eða upplýsingar frá systurfélögum okkar á Norðurlöndum varðandi starfsemi endurskoðunarnefndanna eða þau málefni sem eru þar efst á baugi.

Endurskoðunarnefnd FLE

Frá menntunarnefnd

Ný reglugerð um endurmenntun endurskoðenda

Í vendum er ný reglugerð um endurmenntun endurskoðenda. Menntunarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda hefur verið fjármálaráðuneytinu innan handar með mótun þessarar reglugerðar en um er að ræða töluverðar breytingar frá fyrri reglugerð.

Gert er ráð fyrir að hin nýja reglugerð taki gildi um næstu áramót. Helstu breytingar á reglugerðinni eru eftirfarandi:

- Auknar kröfur eru gerðar um endurmenntun. Endurskoðandi þarf að sækja endurmenntun í 90 klukkustundir á hverju þriggja ára tímabili. Talað er um einingar í þessu sambandi en hver eining verður ein klukkustund.
- Endurmenntunin er skipt í tvo hluta, faglegan og almennan. Í faglega hlutanum er ætlast til að 18 einingum sé varið í endurmenntun í reikningshaldi, 18 einingum í endurskoðun og 18 einingum í félaga- og skattarétti. Sam-

tals er hér um 54 klukkustundir að ræða á þremur árum sem er sambærilegt við þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt eldri reglugerð. Við bætist almennur hlutur sem eru 36 einingar, en ekki eru gerðar aðrar kröfur til þess hluta nema að endurmenntunin nýtist endurskoðendum í starfi.

- Leita þarf eftir samþykki menntunarnefndar, fyrirfram, á þeim námskeiðum sem gefa einingar til endurmenntunar.
- Menntunarnefnd getur óskað eftir að endurskoðandi leggi fram gögn til sönnunar á því að hann hafi sótt þau námskeið sem hann tilgreinir á yfirliti sínu.
- Ákvæði er um þá endurskoðendur sem vilja endurnýja réttindi sín en samkvæmt því þurfa þeir að sækja sem svarar til þriðjungs þeirra krafna sem settar eru á hverju tímabili.
- Hvert endurmenntunartímabil stendur í þrjú ár í senn. Þau sem hljóta löggildingu til endurskoðunarstarfa eftir að endurmenntunartímabil hefst, þurfa ekki að sækja endurmenntun fyrir en á næsta tímabili.
- Ef endurskoðandi uppfyllir ekki kröfur um endurmenntun, ber ráðherra að fella réttindi hans úr gildi eftir því sem nánar er kveðið á um.

Við endurskoðun á reglugerðinni var m.a. tekið mið af norski reglugerð um endurmenntun endurskoðenda en jafnframt var reynt að vinna á þeim göllum sem komið hafa í ljós við framkvæmd endurmenntunar. Gert er ráð fyrir að reglugerðin taki gildi um næstu áramót og fellur þá úr gildi fyrri reglugerð.

Hinn fyrsti reikningsskiladagur FLE

Margoft hefur verið rætt um nauðsyn þess að halda sérstakan reikningsskiladag sem fengi fastan sess í árlegu félagsstarfi FLE. Stjórn félagsins hefur orðið við þessum óskum og verður fyrsti reikningsskiladagur FLE 15. október næstkomandi. Þá mun FLE í samvinnu við Rannsókn-

Til hamingju með afmælið

90 ára þann 9. nóv. 2003	Ólafur J. Ólafsson	Dalbraut 20 íb. 406
70 ára þann 13. okt. 2003	Jón H. Runólfsson	ABC ehf. endurskoðun
70 ára þann 18. okt. 2003	Valdimar Ólafsson	Kleifarveg 10
65 ára þann 17. jan. 2004	Þorsteinn Kristinsson	Endursk. og reikningshald
65 ára þann 25. jan. 2004	Gunnar Sigurðsson	PricewaterhouseCoopers hf.
50 ára þann 15. sept. 2003	Sturla Jónsson	Endursk. og reikningsskil hf.
50 ára þann 6. des. 2003	Þórhallur Björnsson	Þ.B. endurskoðun ehf.
50 ára þann 30. des. 2003	Símon Á. Gunnarsson	KPMG hf.
50 ára þann 10. jan. 2004	Aðalsteinn Hákonarson	KPMG Endurskoðun hf.
40 ára þann 24. okt. 2003	Guðmundur Hjaltason	Ker hf.
40 ára þann 28. nóv. 2003	Hjörleifur Pálsson	Össur hf.
40 ára þann 16. jan. 2004	Böðvar Stefánsson	Landsvirkjun
40 ára þann 31. jan. 2004	Kristjana Ólöf Sigurðardóttir	Ríkisendurskoðun
30 ára þann 20. sept. 2003	Reynir Stefán Gylfason	KPMG Endurskoðun hf.



arframlag bankanna standa fyrir opinni ráðstefnu um innleiðingu alþjóða reikningsskilastaðla á evrópska efnahagssvæðinu. Fyrirlesarar á ráðstefnunni verða þeir; Geoffrey Whittington prófessor í reikningsskilafraeðum við Cambridge háskóla og nefndarmaður í Alþjóðlegu reikningsskilanefndinni. Geoffrey er félagsmönnum af góðu kunnur frá ferð okkar til London fyrir tveimur árum síðan. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands og Stefán Svavarsson, endurskoðandi og dósent við Viðskipta- og Hagfræðideild Háskóla Íslands. Talmál ráðstefunnar verður enska. Er það von menntunarnefndar að ráðstefnan verði gagnleg kynning á þessu viðamikla efni sem hefur ekki verið mikið í umræðunni til þessa hér á landi.

Haustráðstefna FLE

Haustráðstefna FLE verður 7. og 8. nóvember næstkomandi og verður í þetta sinn haldin á Akureyri. Ráðstefnan verður með svipuðu sniði og undanfarin ár, fyrri dagurinn verður opinn öllum en síðari dagurinn eingöngu ætlaður félagsmönnum.

Dagskrá ráðstefunnar er ekki fullmótuð þegar þetta er skrifað, en þó má upplýsa að umfjöllunarefnið snúa að innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og breytingum á reikningsskilum sveitarfélaga. Stefnt er að því að fullmótuð dagskrá verði send út síðar í mánuðinum.

Námskeið fyrir löggildingarpróf

Stjórn og menntunarnefnd FLE hefur í samstarfi við Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands komið á fót námskeiðum fyrir þau sem vilja þreyta próf til löggildingar í endurskoðun. Endurmenntunarsstofnunin mun hafa umsjón með námskeiðunum. Hér er um að ræða tilraun og verður reynslan af námskeiðunum metin. Í ár verður eitt námskeið í hverju fagi, þ.e. í endurskoðun, í reikningsskilum og í skattskilum, þrjár klukkustundir hvert. Námskeiðin verða haldin dagana 20.–30. október næstkomandi og kennarar námskeiðanna eru þeir Stefán Svavarsson, Heimir Þorsteinsson og Árni Harðarson.

Menntunarnefnd FLE

Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands

Námskeið til undirbúnings fyrir löggildingarpróf í endurskoðun

Forkröfur: Þátttakendur hafi lokið námi af endurskoðunarsviði úr Viðskipta- og Hagfræðideild HÍ.

Í samstarfi við menntunarnefnd FLE.

Ef öll námskeiðin þrjú eru tekin saman er veittur afsláttur og kosta þá námskeiðin 22.600 kr. samtals.

Reikningsskilafraeði, nr. 140

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: Mán. 20. og mið. 22. okt. kl. 16:00–19:00.

Verð: 12.200 kr.

Endurskoðun, nr. 141

Kennarar: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi og Heimir Þorsteinsson endurskoðandi hjá Deloitte & Touche hf.

Tími: Þri. 28. okt. kl. 16:00–19:00. **Verð:** 7.200 kr.

Skattamál, nr. 142

Kennari: Árni Harðarson hdl. hjá Deloitte & Touche hf.

Tími: Fim. 30. okt. kl. 16:00–19:00.

Verð: 7.200 kr.

Námskeið í fjármálum og reikningsskilum haustið 2003

Innra eftirlit

Kennarar: Ólafur B. Kristinsson endurskoðandi og Sigrún Guðmundsdóttir Cand. merc. aud. hjá Price-waterhouseCoopers hf.

Tími: Þri. 23. sept. kl. 8:30–12:30.

Verð: 16.200 kr. **Ein.** 6

Áhættugrunnuð endurskoðun

Kennari: Margrét G. Flóvenz löggiltur endurskoðandi hjá KPMG.

Tími: Þri. 28. okt. kl. 8:30–12:30.

Verð: 16.200 kr. **Ein.** 6

Virðisaukaskattur af byggingarstarfsemi

Kennari: Kristín Norðfjörð lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík.

Tími: Mán. 10. nóv. kl. 8:30–12:30.

Verð: 16.200 kr. **Ein.** 6

Lestur og greining ársreikninga

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: Þri. 9. des. kl. 15:00–19:00.

Verð: 16.200 kr. **Ein.** 6

Skattamál – Nýlegar breytingar

Kennari: Árni Harðarson hdl. hjá Deloitte & Touche.

Tími: Mið. 14. jan. 2004 kl. 16:15–19:15.

Verð: 15.400 kr. **Ein.** 3

Excel 2000 I – Fjármál og rekstur

Kennari: Oddur Sigurðsson hjá Íslandsbanka.

Tími: Mán. 6. og 13. okt. kl. 8:30–12:30.

Verð: 26.300 kr. **Ein.** 10

Excel 2000 II - Fjármál og rekstur

Kennari: Eðvald Möller lektor við Tækniháskóla Íslands.

Tími: Mán. 29. og þri. 30. sept. kl. 13:00–17:00.

Verð: 26.300 kr. **Ein.** 10

Excel 2000 III

Kennari: Eðvald Möller lektor við Tækniháskóla Íslands.

Tími: Mán. 27., þri. 28. og mið. 29. okt. kl. 13:00–17:00. **Verð:** 28.400 kr. **Ein.** 15

Excel fyrir viðskiptafræðinga

Kennari: Oddur Sigurðsson hjá Íslandsbanka.

Tími: Mán. 20. okt. kl. 13:00–17:00.

Verð: 21.800 kr. **Ein.** 5

Lánssamningar (Loan Agreements)

Kennari: Helgi Sigurðsson hrl., stundakennari við HÍ og lögfræðingur hjá Kaupþingi.

Tími: Mán. 13. og mið. 15. okt. kl. 17:00–20:00.

Verð: 21.400 kr. **Ein.** 7,5

Innherjaviðskipti (regluvörður)

Kennari: Ólafur Arinbjörn Sigurðsson lögfræðingur hjá LOGOS lögmannsþjónustu.

Tími: Mán. 17. og mið. 19. nóv. kl. 16:15–19:15.

Verð: 21.400 kr. **Ein.** 7,5

Nánari upplýsingar um námskeiðin veitir Endurmenntun Háskóla Íslands.

Sjá nánar heimasíðu www.endurmenntun.is



Nýir félagar árið 2003

Í ársbyrjun luku tólf einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Andrés Einar Hilmarsson
PricewaterhouseCoopers hf.



Árni Valgarð Claessen
KPMG Endurskoðun hf.



Elías Illugason
Viðlag ehf



Guðjón Ásmundsson
KPMG Endurskoðun hf..



Guðni Þór Gunnarsson
Deloitte & Touche hf.



Helga Sigríður Böðvarsdóttir
KPMG Endurskoðun hf



Íris Ólafsdóttir
Ríkisendurskoðun



Jóhann G. Jóhannsson
Íslensk Erfðagreining ehf.



Margrét Pétursdóttir
Ernst & Young hf.



Ragna Hrund Hjartardóttir
KPMG Endurskoðun hf.



Sigurður Sigurþórsson



Sigurhjörtur Sigfússon
Íslensk Erfðagreining ehf.

Félag um innri endurskoðun (FIE)

Félag um innri endurskoðun (FIE)

Félag um innri endurskoðun (FIE) var stofnað þann 12. febrúar sl. og eru félagsmenn nú orðnir 66 talsins. Heimasíða félagsins er www.fie.is en þar má fá ýmsar upplýsingar um félagið. Í félaginu eru fjölmargir löggiltir endurskoðendur og hefur verið gott samstarf milli Félags löggilttra endurskoðenda og hins nýja félags og fyrir það er ég þakklátur. Enda er það svo að allstaðar þar sem innri endurskoðun er til að dreifa er ytri endurskoðandi einnig til staðar og er nauðsynlegt að þeir eigi með sér gott samráð í sínum störfum.

Félagið er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við. Félagið stefnir að aðild að The Institute of Internal Auditors Inc. í Bandaríkjunum og því að taka þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

Þann 28. júní síðastliðinn var umsókn FIE um aðild að Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (The Institute of Internal Auditors, IIA) samþykkt í stjórn IIA. Félagið mun fyrst um sinn vera svokallað „Chapter-in-Formation“ en því fylgja ákveðin skilyrði sem FIE verður að (og mun) uppfylla innan tveggja ára til að verða fullgild samtök hjá IIA. FIE og félagsmenn þess fá hins vegar öll hlunnindi strax sem fylgja því að vera aðilar að IIA, eins og t.d. aðgang að læstum hluta heimasíðu IIA, fréttabréf, bækur og margskonar fræðsluefni frá IIA í bókasafn FIE.

The Institute of Internal Auditors (IIA) eru samtök um innri endurskoðun sem starfa á alþjóðavettvangi. Meðlimir eru um 80.000 með starfsemi í 120 löndum. Þessi alþjóðasamtök hafa búið til ramma utan um það hvernig innri endurskoðun skuli starfrækt. Samtökin hafa skilgreint innri endurskoðun, sett staðla til að skýra út hvað felist í innri endurskoðun og gefa út vinnuleiðbeiningar.

Þá hafa samtökin sett siðareglur sem öllum meðlimum ber að fylgja. Samtökin hafa öðlast alþjóðlega viðurkenningu og eru viðmið fyrir innri endurskoðun um allan heim. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu IIA (www.theiia.org).

FIE stóð fyrir þriggja daga námsskeið í maí um grundvallaratriði í innri endurskoðun, og fékk til þess erlenda fyrirlesara frá finnsku IIA-samtökunum. Þá eru í undirbúningi ýmsir fyrirlestrar og fræðslufundir á komandi vetri um málefni tengd innri endurskoðun.

Eitt af markmiðum FIE er að styrkja faglega umræðu um innri endurskoðun á Íslandi. Ætla ég því að nota það tækifæri sem ég fæ hér á síðum fréttablaðs FIE til að endurtaka skilgreiningu á innri endurskoðun og óaðskiljanlegan hluta hennar, innra eftirliti.

Innri endurskoðun eins og hún er skilgreind hjá IIA:

Innri endurskoðun er óháð, hlutlaust staðfestingarkerfi, ráðgefandi og hannað til að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja og stofnana. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnunaraðferða og styður þannig viðkomandi rekstur í því að ná sínum markmiðum.

Að mínu mati er þessi tegund af eftirliti, gæðastjórnun, matsferli, eða hvernig sem menn vilja flokka innri endurskoðun, ónýttur möguleiki í mörgum atvinnugreinum hér á landi og í mörgum fyrirtækjum og stofnunum.

Grundvallaratriði í innri endurskoðun er að staðfesta að **innra eftirlit** sé fullnægjandi hjá ákveðnum rekstrareiningum og gefa um það skýrslu til stjórnar og helstu stjórnenda í fyrirtækinu eða stofnuninni. Rekstrareiningar geta verið dótturfélög, tekjusið, kostnaðarferlar, stoðdeildir eða fyrirtæki eða stofnanir í heild sinni. Starfsmenn í innri endurskoðun verða síðan sérfræðingar í skipulagi innra eftirlits í viðkomandi rekstrareiningu og er því oft leitað til þeirra með hin ýmsu úrlausnarefni og flokkast það þá undir ráðgjöf.

Innra eftirlit hefur verið skilgreint af samtökum



Guðjón
Jóhannesson
endurskoðandi

vestanhafs sem heita Committee of Sponsoring Organization of the Treadway Commission eða skammstafað COSO. Þessi skilgreining hefur síðan verið grundvöllur að umræðu um innra eftirlit og hefur þessi skilgreining ratað inn í alþjóðlega endurskoðunarstaðla og í líkön um innra eftirliti víða um heim.

Innra eftirlit eins og það er skilgreint hjá COSO:

Innra eftirlit er aðgerð, sem stjórn, stjórnendur og starfsfólk hafa áhrif á og er hönnuð til þess að veita hæfilega vissu fyrir því að markmiðum fyrirtækisins eða rekstrareiningarinnar sé náð á eftirfarandi sviðum:

- hagkvæmni og skilvirkni rekstrarins,
- áreiðanleika fjárhagsupplýsinga
- fylgni við lög og reglur

Innra eftirlitinu er síðan skipt niður í fimm þætti:

- 1. Eftirlitsumhverfið** ræðst af viðhorfi stjórnenda og starfsmanna til eftirlits og þeirra viðskiptisaðferði yfir höfuð. Þetta er grundvöllur annara þátta í innra eftirlitinu.
- 2. Áhættumatið** felur það í sér að finna hvar áhættan liggur í fyrirtækinu eða stofnuninni. Það má nefna hér að COSO hefur einnig gefið út grundvallaratriði í áhættustjórnun og má finna efnið á heimasíðu þeirra.
- 3. Eftirlitsaðgerðirnar** eru hefðbundnar eftirlitsaðgerðir eins og t.d. samþykki, aðgreining starfa, skjölun, afstemmingar, heiðarlegt starfsfólk, innri staðfestingar og öryggi eigna.



4. Upplýsingamiðlun er lykilþáttur í innra eftirliti og nauðsynlegt fyrir stjórnendur til að vita hvort innra eftirlitið sé að virka eins og til er ætlast. Finna þarf viðeigandi upplýsingar, skrá þær og miðla þeim á því formi þannig að fólk geti tekið ákvarðanir og uppfyllt sínar starfskyldur.

5. Stjórnunareftirlit. Fylgjast þarf með innra eftirlitinu og leggja mat á virkni þess. Upplýsingum um eftirlitsþætti er miðlað til stjórnenda sbr. liðin hér á undan. Innri endurskoðun er síðan hluti af þessu eftirliti með því að leggja hlutlaust mat á virkni innra eftirlits.

Nánari upplýsingar um skilgreiningu á innra eftirliti er að finna á heimasíðu COSO (www.coso.org).

Guðjón Jóhannesson,
formaður félags um innri endurskoðun (FIE),
löggiltur endurskoðandi,
forstöðumaður innri endurskoðunardeildar
Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Til sölu á skrifstofu FLE

- Handbók endurskoðenda. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,—
- Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,—
- IASB International Accounting Standards 2002. Verð kr. 8.990,— án vsk.
- Applying International Accounting Standards 3rd Edition. Verð kr. 9.800, án vsk.
- Handbook of International Auditing, Assurance and Ethics Pronouncements, 2003 Edition og Handbook of International Public Sector Accounting Standards, 2003 Edition. (Tvær bækur) Verð kr. 9.500 án vsk.

Námsstyrkjasjóður FLE

SKIPULAGSSKRÁ

1. grein

Sjóðurinn heitir Námsstyrkjasjóður Félags löggiltra endurskoðenda. Hann er stofnaður 4. júní 2003 af Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE) með framlagi að fjárhæð 20.000.000 kr.

2. grein

Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningskilum.

3. grein

Sjóðurinn skal vera í vörslu FLE og skal eignum hans haldið aðgreindum frá eignum félagsins. Leitast skal við að ávaxta fjármuni sjóðsins með tryggum og hagkvæmum hætti. Endurskoðaður ársreikningur sjóðsins skal birtur með ársreikningi FLE og skal reikningsár sjóðsins fylgja reikningsári FLE.

4. grein

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Formaður FLE skal vera formaður sjóðsstjórnar en á hverjum aðalfundi FLE skal kosinn einn stjórnar-

maður til tveggja ára. Varaformaður FLE er vara-
maður í stjórn sjóðsins.

5. grein

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Skal við það miðað að styrkþegar hafi lokið bóklegu námi til löggildingar sem endurskoðendur og ætli sér framhaldsnám á því sviði með því markmiði að stunda kennslu í endurskoðun og reikningshaldi á Íslandi að námi loknu. Að öðru leyti skal stjórn sjóðsins taka allar ákvarðanir varðandi styrki og samninga við styrkþega og er henni heimilt að úthluta bæði höfuðstól sjóðsins og ávöxtun hans.

6. grein

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til FLE.

7. grein

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari skulu lagðar fyrir félagsfund FLE.

Þannig samþykkt á félagsfundi FLE
4. júní 2003

Auglýsing um námsstyrki

Á félagsfundi Félags Löggiltra Endurskoðenda þann 4. júní sl. var samþykkt að stofna sérstakan Námsstyrkjasjóð FLE með 20 milljóna króna framlagi.

Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningskilum. Með þessum hætti vill félagið styðja háskólamenntun á fagsviði sínu og leggja sitt af mörkum til að tryggja nauðsynlega kennslu í þeim fræðum sem starf félagsmanna byggist á.

Við úthlutun styrkja úr sjóðnum skal við það miðað að styrkþegar hafi lokið bóklegu námi til löggildingar sem endurskoðendur og ætli sér framhaldsnám á því sviði með því markmiði að stunda kennslu í endurskoðun og reikningshaldi á Íslandi að námi loknu.

Þeir sem vilja afla sér nánari upplýsinga um styrkveitingar Námsstyrkjasjóðs FLE er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins.

GOLFannáll árið 2003

Enn þykir við hæfi að birta í FLE fréttum eitthvað um framgang mála á golfári endurskoðenda, jafnt innlendum sem erlendum viðburðum. Eins og allir vita sem lesa þessa árlegu pistla þá höfum við endurskoðendur þann hátt á að við látum einn úr okkar hópi, einvald, sjá um alla framkvæmd sameiginlegra golfdaga hér innanlands. Árið 2003 valdist til þessa verks ungur áhugaður, Guðjón Jóhannesson, sem fór í fótspor fyrirrennara sinna og fékk ýmis fyrirtæki til að kosta þessa golfdaga með verðlaunum og veitingum. Fyrirtækin sem hér áttu í hlut voru Búnáðarbankinn, SPRON, Tryggingamiðstöðin og Sjóvá-Almennar. Fjöldi þátttakenda í mótariðinni og öðrum viðburðum var frá 10 til 18 sem gerði meðaltalið 14. Alls var þetta 7 sinnum sem endurskoðendur hittust sameiginlega hér innanlands og tóku 28 endurskoðendur þátt, misoft hver og einn. Að óskju hefði þátttakan mátt vera betri þar sem skráðir iðkendur meðal endurskoðenda eru um 40 talsins. Það sýnist því vera verk að vinna í að fjölga þátttakendum í golfmótunum. En þeir í hópnum skáru sig úr þar sem þeir mættu í öll skiptin auk utanlandsferðarinnar í maí, Ívar Guðmundsson, Jónatan Ólafsson og Guðjón Eyjólfsson, sá síðastnefndi elstur þeirra endurskoðenda sem stunda íþróttina reglulega.

Hér er ástæðulaust að tíunda í smáatriðum úrslit kappleikjanna þar sem í upphafsorðum í ársskýrslu einvalds segir að „endurskoðendur hittust og spiluðu golf og áttu margar góðar stundir saman í sumar þó ekki hafi spilamennskan alltaf verið upp á sitt besta.“ Hér skulu þó nefndir til sögunnar þeir sem voru sigurvegarar í mótariðinni (4 mót alls), þeir Jónatan Ólafsson, Ómar Kristjánsson, Ómar Björnsson og Ívar Guðmundsson. En sá sem var með besta heildarskorið í þessari mótarið var Reynir Vignir. Allir fóru þeir frá keppnum þessum með vegleg verðlaun þó sínu mest sá sem síðastur er

talinn. Hvorki golfleikur né einstök afreksverk unnin fengu þó umtal í líkingu við það sem skeði á Hvaleyrinni um miðjan júnímánuð og fékk nafnið Stóra rauðvinsmálið. Þá fengu þeir endurskoðendur í mótariðinni, sem þátt tóku þann daginn, að drekka í ómældum skömmtum rauðvín sem þeir áttu ekki að drekka, í boði golfklúbbs sem átti ekki að bjóða, á kostnað fyrirtækis sem átti ekki að kosta þetta. Einn allsherjar misskilningur sem endaði þeim til sóma sem að golfdeginum stóðu. Ekki alveg fyrirséð að þetta verði endurtekið á þennan sama hátt.

Auk áður nefndrar FLE mótaraðar fór fram árleg keppni við annars vegar lögmenn og hins vegar tannlækna. Eftir sigursælt ár 2002 urðum við þetta árið að lúta í gras fyrir tannlæknum en sigrum lögmenn með glæsibrag. Að öðrum ölstuðum, eins og alltaf er sagt þegar þarf að hrósa einhverjum sérstaklega, þá stóðu sig best í þessum keppnum þeir Árni Tómasson, Jón Þ. Hilmarsson, Guðjón Jóhannesson og Reynir Vignir.

Sameiginlegri golfvertið endurskoðenda lýkur með Meistaramóti FLE. Mótið fór fram í 22. sinn föstudaginn 5. september á Grafarholtsvelli.



Sigurður
Tómasson
endurskoðandi

Fyrsta haustlæggðin hafði boðað komu sína fyrir í vikunni og renndi sér yfir suðvesturhorn landsins á fimmtudeginum og eftirhreyturnar minntu á sig þennan föstudag. Samkvæmt vindhraðamæl-ingum Veðurstofunnar kl. 13 þennan dag þá var hvassviðri þegar leikur hófst. En þeir 13 endurskoðendur sem létu sig hafa það (4 skráðir til leiks boðuðu forföll) og hófu leik áttu góðan dag, ein rigningarhrina sem stóð í 2–3 mínútur og svo önnur smærri í sniðum og þegar golfleik lauk þá hafði hvassviðrið gengið niður og komin þægileg gola. Þannig er með golf á Íslandi – ef þú ætlar að stunda það þá er ekkert annað að gera en byrja leik á tilskildum tíma.

Lokahóf keppenda ásamt mökum og með



Félagar úr ICAS og FLE við klubbhúsið í Bruntsfield.



Golfliðið sem sigraði vorið 2003.



Golfmeistari FLE árið 2003 fyrir miðju.



Golfliðið sem beið lægri hlut vorið 2003.

verðlaunaafhendingu fór síðan fram að kvöldi þessa sama dags að Hótel Sögu. Þar flutti einvaldurinn sína skýrslu um viðburði ársins og var hún í styttra lagi sem benti til að engin stórafrek höfðu verið unnin á golfsviðinu. Þá tilkynnti einvaldur að einn meðal jafningja hafði slegið færri högg en hinir þennan daginn og var sá hinn sami krýndur Golfmeistari FLE árið 2003. Kom í ljós að þessi sami maður hafði aldrei unnið þennan titil áður en hafði þó verið með í flestum mótum FLE allt frá upphafi meistaramótsins árið 1982. Íþróttadeild FLE fréttu óskar Guðmundi Frímannssyni til hamingju með meistaratitilinn. En fleiri unnu til verðlauna og ber þar hæst að verðlaun fyrir besta skor þeirra sem eru yfir 60 ára fékk Hallgrímur Þorsteinsson. Hann telst vera öldungameistari FLE og hefur nú enginn trú að því fyrirfram að menn yngri en þeir sem fæddir eru 1936 eða fyrr gætu talist til öldunga.

Er þá lokið umfjöllun um innanlandsviðburði og verður þá greint frá erlendum samskiptum.

Hefð er komin á golfferð endurskoðenda til Skotlands í maí hvert ár. Þetta árið varð að velja dagsetningar af kostgæfni því þingkosningar 10. maí var viðburður sem ekki allir geta látið fara fram hjá sér. Kollegi okkar og formaður annars stjórnarflokksins rifjaði það upp á vinnustaðafundi fyrir kosningar að þegar hann starfaði sem endurskoðandi, áður en stjórn málin tóku hug hans allan, þá hafi endurskoðendur haft að leiðarljósi að styðja hvern annan og haft um það einskonar siðareglur. Hann vonaðist til að þannig yrði einnig kosningadaginn vorið 2003. Það sýndi sig síðar að ekkert frá úrskæðis þar! Sjötta vorferð FLE golfara var farin að loknum kosningum, dagana 15.–20. maí, og í þetta sinn var ferðinni heitið til staðar sem við höfðum gist árið 1999. Bærinn heitir Lundin Links og stendur að norðanverðu við fjörð sem heitir Firth of Forth. Að sunnanverðu við fjörðinn er Edinburgh. Í þessum vinalega bæ er eitt af þessum úrvals sveitahótelum í Skotlandi, Old Manor Country House Hotel, og málsmetandi menn í hópi okkar rifjuðu upp afbragðs viðurværi á þessu hóteli í fyrri dvöl þar og vildu reyna aftur. Bærinn Lundin Links er í Fife héraðinu (Kingdom of Fife) þar sem er vaggja golfsins í Skotlandi. Hvert sem lit-ið er á landakortinu í þessu héraði og hvar sem er smábær þar er golfvöllur. Ferðaþjónustan í

Skotlandi, með golf sem þungamiðju, er mikilvægur hluti efnahagskerfisins og er talið að hún nemi um 20 % þjóðarframleiðslunnar.

Fimmtudaginn 15. maí fóru 16 endurskoðendur frá FLE með flugi til Skotlands. Flugtíminn er aðeins 2 klukkustundir og eftir lendingu í Glasgow var ferðinni heitið beint til Edinburgh. Ákveðið hafði verið að byrja ferðina með því að eiga fund með jafnmörgum skoskum endurskoðendum frá Lothian, Borders and Central (LBC) héraðinu innan ICAS (Institute of Chartered Accountants in Scotland).

Hinir skosku félagar okkar höfðu valið höfuðstöðvar Bruntsfield Links Golfing Society í Edinburgh sem mótstað þetta árið. Stofnár þess golfklúbbs er 1761 og hann talinn vera 5ti elsti golfklúbbur heims. Í fundargerð frá 10. júní 1787 segir m.a. :

„This Society having been formerly, by general consent, instituted into a Club for the healthful exercise of Golf, of this date agreed to continue the same monthly on a Saturday which shall be judged most convenient for the Members“.

Ekki allir skilja hvað verið er að gera þegar félagsskap (socitey) er breytt í golfklúbb (club) en augljóst er að þessi aðgerð hefur heppnast vel. Bruntsfield golfklúbburinn er næsti nágranni við Royal Burgess Golfing Society, elsta golfklúbbinn í Skotlandi (frá 1735). Bruntsfield er sagður vera virtasti golfklúbburinn í Edinburgh og biðtími fyrir inngöngu er um 20 ár. Núverandi golfvöllur klúbbsins er 105 ára gamall, fallega gróinn og fagurlega staðsettur við Firth of Forth. Golfhúsið og öll umgerð eins og best verður á kosið. Klæðnaður til að fara í matsalinn er jakki og bindi hvenær dags sem er. Sagan hér er orðin löng og allt umhverfið ber með sér menningu sem haldist hefur um árhundraða skeið og ekki ástæðulaust að yfir golfáhugamenn frá Íslandi færist ákveðin lotning fyrir stað og stund.

Um kl. 14 fyrsta daginn í ferðinni hófst golfleikur okkar við skoska endurskoðendur. Dagskrá dagsins og leikfyrirkomulag er í höndum Dick Taylor, tengilið okkar hjá ICAS. Dagskráin byrjaði reyndar með þeirri nýlundu að íslenska liðið bauð upp á eitt staup af köldu íslensku brennivíni áður en menn slógu fyrsta högg af teig. Misjafnlega lagðist þetta uppátæki í skoska félag okk-

ar enda talið vera herbragð af okkar hálfu til að koma þeim úr jafnvægi. Þó jafnt væri teigað af báðum liðum kom í ljós í lokin að við félagarnir í FLE höfðum nauman sigur í þeirri keppni sem háð var. Að golfleik loknum var sameiginlegur kvöldverður, einfaldur matseðill með málsverði sem í Skotlandi heitir High Tea. Í stóru orðabókinni kallast þetta léttur málsverður síðla dags. Þetta var stund fyrir nánari kynni og léttara hjál, bestu högg dagsins rifjuð upp og lagt á ráðin fyrir framtíðina. Í lok stundarinnar komu skotarnir okkur þægilega á óvart með verðlaunaafhendingu. ICAS lagði til farandgrip, sérstaka gerð af skál sem á þeirra máli kallast Quaich, með eftirfarandi áletrun: „Presented by ICAS for the Annual Golf Match / Picts v. Vikings“. Til upprifunar fyrir þá sem eru búnir að gleyma innihaldi golfannáls frá síðasta ári (3. tbl. 2002) þá var nafnið Picts notað um fornmennt Skotlands á sama hátt og okkar fornmennt eru oft nefndir Víkingar. Þannig er tilkomið nafnið á þessari keppni – Picts v. Vikings. Skýringin á skosku nafni skálarinnar er eftirfarandi :

„Regarding the origins of Quaich it is derived from the Scots Gaelic word Quach which means a two handled wooden drinking bowl. It is now a traditional gift given in Scotland as a mark of friendship“.

Varla þarf að hafa mörg fleiri orð um þann hug sem býr að baki þessum verðlaunum sem ICAS hefur gefið. Auk þessa farandgripur fengu allir þátttakendur fagra myndabók með einstakar myndir af golfbrautum frá völdum golfvöllum í Skotlandi. Bókin er unnin af skoskum endurskoðanda, Donald Ford, sem einnig var

meðal þeirra sem léku golf þennan dag. Það var árið 1998 sem við lékum fyrst við skoska endurskoðendur og var þetta í 5ta skipti sem við hittum þá. Áletrunin á farandskálina, annual golf match, er skýr skilaboð til okkar um að þeir hugsi sér áframhald á þessum samskiptum og framtíðin ein verður að skera úr um hvenær Ísland verður mótsstaður. Við tilkynntum þeim að til að vinna farandgripinn úr höndum okkar yrðu þeir að koma til Íslands en mér segir svo hugur að ekki verði haldið fast við þau orð og Skotland verði áfram áfangastaður á komandi vori fyrir íslenska endurskoðendur sem hafa valið sér golfleik sem dægrastyttingu.

En þó þessi fyrsti dagur beri ef til vill hæst í endurminningunni frá ferð okkar til Skotlands þá áttum við eftir að njóta eftirminnilegra golfdaga á mörgum frábærum völlum. Samtals voru leiknir 8 golfhringir á þeim 5 dögum sem til ráðstöfunar voru fyrir golf. Sæmilega góðu dagsverki er skilað á hverjum degi þar sem hver golfhringur tekur 4–5 klukkustundir með ferðum og öðrum undirbúningi sem til þarf. Einn daginn skipti þessi samhenti hópur endurskoðenda sér í 2 hópa í þeim tilgangi að auka fjölbreytni leiksins og fóru leikar svo að annar hópurinn taldist hafa sigrað. Um það er nánar í texta með þeim myndum sem fylgja grein þessari.

Sigurður Tómasson

(Höfundur er endurskoðandi og forseti alþjóðadeildar Golfhóps FLE)

Próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, verða próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa haldin í nóvember 2003 sem hér segir:

Verkefni í endurskoðun fimmtudaginn 13. nóvember

Verkefni í reikningsskilafræðum mánudaginn 17. nóvember

Verkefni í skattskilum miðvikudaginn 19. nóvember

Verkefni í gerð reikningsskila mánudaginn 24. nóvember

Prófin verða haldin að Borgartúni 6, Reykjavík og hefjast kl. 9 hvern prófdag.



ÁRSHÁTÍÐ FLE

Verður haldin laugardaginn 8. nóvember n.k.

Hótel KEA – Akureyri

Húsið opnar kl. 19:00

Verð: kr. 7.900,–

Heiðursgestur kvöldsins verður Kristján Þór Júlíusson

bæjarstjóri Akureyrar

Veislustjóri verður Gunnlaugur Kristinsson endurskoðandi

*Hljómsveitin „Einn og sjötíu“ leikur fyrir dansi fram á nótt
Karlakórinn Geysir syngur létt lög undir stjórn Erlu Þórólfsdóttur
Fjöldasöngur valinkunnra endurskoðenda.*

Matsefill:

Fordrykkur Kir Royal

Þriggja rétta kvöldverður

*Forréttur: Reyktur laxatartar með mango,
melónu og léttri piparrótarsósu*

*Aðalréttur: Pestó og BBQ hjúpað lambaframfile með
fersku grænmeti, fondant kartöflu og madeirasósu*

*Eftirréttur: Vanillu ís í sykurkörfu með passion og
karamellugljáðum ávöxtum*

Kaffi og konfekt

*Miðapantanir á skrifstofu FLE í síðasta lagi fyrir 1. nóvember nk.
í síma 568–8118, faxi s-568-8139, e-mail, fle@fle.is*

Mætum öll og sláum upp góðri skemmtun